


# OECD *Multilingual Summaries*

## OECD Pensions Outlook 2012

*Summary in Icelandic*



Read the full book on:  
10.1787/9789264169401-en

---

## Horfur í lífeyrismálum OECD 2012

*Útdráttur á íslensku*

- Í þessari útgáfu af horfum í lífeyrismálum er gerð úttekt á breytingum sem eru að eiga sér stað varðandi lífeyriskerfi.
- Farið er yfir endurbætur á lífeyrismálum meðan á kreppunni stóð og að henni lokinni, hönnun sjálfvirkra eftirlitskerfa, afturhvarf frá kerfislægum endurbótum í lífeyriskerfum í mið-og austur-Evrópu, farið yfir séreignalífeyrissjóði og ábyrgðir í iðgjaldatengdum lífeyriskerfum.
- Að lokum er gerð grein fyrir stefnumótandi áætlun um iðgjaldatengd lífeyriskerfi og tölfræðilegur viðauki.

## Lífeyrir: Fortíð, nútíð og framtíð

Ef til vill hefur þess ekki orðið var um þessar mundir búa lífeyrisþegar sennilega við það sem kann að verða talin gullöld fyrir lífeyriskerfi og lífeyrisþega. Langtum færri eldri borgarar búa við fátækt heldur en áður: um það bil fjórðungi færri en á miðjum níunda áratugnum. Þeir geta búist við meira langlífi: Þeir sem eru 65 ára í dag eru taldir muni lifa 3,5 árum lengur en fólk af kynslóð foreldra þeirra.

Aftur á móti þarf starfsfólk í dag og í framtíðinni að vinna lengur áður ein það kemst á eftirlaun og opinber lífeyrir þess verður lægri. Séreignalífeyrir fólks er frekar talinn verða iðgjaldatengdur þannig að hver einstaklingur verður háðari áhættufjárfestingum á beinan hátt og þarf að bera lífeyriskostnaðinn sem fylgir því að lifa lengur.

Fjármálakreppan á árunum 2007-08 hefur bergmálað á næstu árum þar á eftir og skilið eftir sig djúpstæð áhrif á efnahag og fjárhag hins opinbera í flestum OECD löndum. Lífeyriskerfi, sem þegar höfðu gengið í gegnum mikið breytingaskeið á áratugnum þar á undan, urðu fyrir miklum umbreytingum, iðulega vegna þrýstings frá aðhaldsaðgerðum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Augljósasta breytingin hefur verið hækkun lífeyrisaldurs, en hún hefur komið til framkvæmda í meira en helmingi OECD ríkjanna. Þegar til langs tíma er litið verður lífeyrisaldur 67 ára eða hærri í 13 ríkjum og sami aldur gildir fyrir bæði kynin í öllum nema einu þeirra. Aðrar aðgerðir sem eru minna áberandi miða að því að hvetja fólk til að vinna lengur - þrengri mörk til að fara á eftirlaun snemma eða meiri umbun fyrir að halda áfram starfi eftir að venjulegum lífeyrisaldri er náð - voru innleiddar í 14 löndum.

Þessi þróun er æskileg af fjórum ástæðum. Í fyrsta lagi, ef fólk vinnur lengur eftir því sem það lifir lengur eykst sjálfbærni lífeyriskerfanna og á sársaukaminni hátt heldur en með skattahækkunum. Í öðru lagi tryggir það réttlátari dreifingu kostnaðar af öldrun yfir fleiri kynslóðir. Einnig geta framlög í lengri tíma dregið úr áhrifum skipulagðs samdráttar í lífeyrisgreiðslum á lífeyristekjur. Í þriðja lagi merkir þetta greinilegt fráhring frá misheppnaðri stefnu fortíðar sem fólst í að þvinga eldra starfsfólk út af vinnumarkaðnum fyrir tímum með auðveldari skráningu á langtíma veikindum eða örorku ásamt ellilífeyrisgreiðslum fyrir tímum. Ástæðan sem gefin var út fyrir þessari misheppnuðu stefnu var að atvinnutækifæri fyrir ungt fólk myndu skapast í staðinn. En gögn sýna að þetta er aðeins enn eitt dæmið um rökvilluna um vinnuáhrif („lump-of-labour“): atvinnutækifærum fyrir ungt fólk fækkar ekki þótt eldra starfsfólki sé haldið í vinnu lengur. Í fjórða lagi, ef starfsævi manna er lengd þar sem vinnumarkaðurinn vex mjög hægt eða er jafnvel í hnignun getur það verið mikilvæg innspýting í hagvöxt í hagkerfum sem eru að eldast. Með tilliti til þessara augljósu kosta er æskilegt að hvetja til þess að lífeyrisaldur verði hækkður - jafnvel meira en í 67 ár. Ein áhrifamikil og gegnsæ aðferð til þess er að tengja lífeyrisaldur við lífslíkur, eins og í Danmörku og í Ítalíu.

Endurskipulagning lífeyriskerfa á síðasta áratug hefur einnig dregið úr lofordum um opinberar lífeyrisgreiðslur í mörgum löndum. Niðurskurður af þessu tagi hefur verið nauðsynlegur til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni lífeyriskerfa bæði fyrir núverandi og verðandi lífeyrisþega. Frá því árið 2007 hefur helmingur OECD ríkjanna gert frekari ráðstafanir til að efla sjálfbærni hins opinbera lífeyriskerfis, svo sem með breytingum á vísitölutengingum og útreikningi á lífeyrisgreiðslum.

Í OECD löndunum getur fólk sem hefur störf nú vænst þess að þiggja opinberar lífeyrisgreiðslur sem nema um helmingi af nettótekjum þess ef það fer á eftirlaun eftir fulla starfsævi á hinum opinbera eftirlaunaldri. Þetta svokallaða „nettó-endurgreiðsluhlutfall“ (net replacement rate) af opinberum lífeyrisgreiðslum er lægra en 50% í helmingi OECD ríkjanna. Í 13 af þessum löndum eru séreignalífeyrissjóðir skyldubundnir. Lög eða kjarasamningar gera kröfu til þess að allt starfsfólk taki þátt í slíkum kerfum. Afleiðingin er sú að heildarlífeyrisgreiðslur sem eru skyldubundnar - að séreignalífeyrissjóðunum meðtöldum - bjóða upp á nettó-endurgreiðsluhlutfall sem er að meðaltali 69% í OECD ríkjunum.

Þrátt fyrir þetta er mjög stórt „lífeyrisbil“ (pension gap) í um 12 OECD löndum þar sem nettó-endurgreiðsluhlutfallið er lægra en 60%. Í flestum þessara landa eru séreignalífeyrissjóðir valkvæmir og ná sjaldan til meira en helmingis vinnandi manna. Séreignalífeyrissjóðir fá óhjákvæmilega stærra hlutverk í þessum löndum við að brúa þetta „lífeyrisbil“. Jafnvel þótt frekari hækkun lífeyrisaldurs sé innleidd ætti að efla séreignalífeyrissjóði til að gera starfsfólki kleift að nýta sér sparifé sitt á efri árum sem viðbót við laun sín og lífeyrisgreiðslur frá hinu opinbera. Þetta gæti verið einkar hagstætt fyrir þá sem sækjast eftir sveigjanlegum vinnuáðstæðum eftir vissan aldur eða fara á eftirlaun í áföngum.

Með því að gera séreignalífeyrissjóði skyldubundna væri fundin besta leiðin til að brúa eftirlaunabilið og tryggja að nægilegir fjármuni til lífeyrisgreiðslna séu til staðar. Þó hafa sum ríki komið sér undan slíkri stefnu vegna þess að litið verði á að framlögin sem nýja skattlagningu. Annar kostur til að ná sams konar árangri er að skrá einstaklinga sjálfkrafa sem aðila að slíkum kerfum en gefa þeim jafnframt kost á að hætta við innan ákveðins tíma - svokölluð „sjálfkrafa skráning“ (auto-enrollment). Með því að gera kröfur til fólks um að það hætti við þátttöku frekar en að

skylda það til að taka þátt er ætlunin að færa sér í nyt eðlilega tregðu til að auka umfang lífeyrissjóðanna. Fyrsta sjálfkrafa skráningarkerfið fyrir lífeyrissparnað í OECD ríki, sem er Kiwisaver kerfið er innleitt var á Nýja Sjálandi árið 2007, hefur reynst ná góðum árangri við að tryggja hátt þátttökuhlutfall meðal nýrra starfsmanna og hlutfall þeirra sem hætta við er allt niður í 20%. Þessu kerfi verður komið á í Bretlandi á árunum 2012 til 2017 og líklegt er að önnur ríki muni fylgja í kjölfarið.

Önnur meginstefna sem hægt er að nýta sér til að efla hlut séreignalífeyrissjóða er að bjóða upp á fjárhagslega hvatningu. Hefðbundin leið til að hvetja fólk til að spara til efri áruna er að bjóða upp á skattaávilnanir. Þó sum ríki hafi nýlega aukið skattaávilnanir sínar hafa Ástralía, Írland, Nýja Sjáland og Bretland öll stefnt í þá átt að takmarka þær til að draga úr fjárhagslegum kostnaði í formi tapaðra skatttekna. Önnur ríki, t.d. Þýskaland, hafa haft efasemdir um kostnað.

Vandamálið með hið hefðbundna form skattaávilnana er að það er hagstæðast fyrir hátekjufólk vegna þess að það greiðir hæstu jaðarskattana. Reyndin er sú að í flestum löndum með valkvæm eftirlaunakerfi er það starfsfólk sem hefur lægstu tekjurnar ólíklegast til að taka þátt í séreignalífeyrissjóðum. Hagkvæmari leið til að ná til fólks í lægri tekjuflokkunum er að greiða þeim sem spara beinar bætur og mótframlög sem hafa ákveðið hámark til að tryggja aukna stigvæðingu. Slík fjárhagsleg hvatning gæti komið lágtekjufólki frekar til góða, einnig þeim sem greiða engan eða mjög litinn tekjuskatt. Í Þýskalandi og á Nýja Sjálandi, tveimur ríkjum sem hafa innleitt slíka hvatningu í sumum lífeyrissparnaðarkerfum sínum, er umfang trygginganna mun líkara fyrir mismunandi tekjuhópa.

Til viðbótar því að útvíkka umfang lífeyristrygginga, þurfa stefnumótandi aðilar að starfa á tvennum vígstöðvum til tryggja fullnægjandi lífeyrisgreiðslur. Í fyrsta lagi þarf að tryggja að framlög í slík kerfi eru nægileg til að hægt sé að ná markmiðum um lífeyristekjur. Þetta er auðvelt í skyldubundnum lífeyriskerfum eins og í Ástralíu sem nýlega tilkynnti um aukningu á lágmarksframlagi úr 9% í 12% af launum. Í öðru lagi þarf að tryggja fráhrarf úr slíkum kerfum með því að takmarka möguleikana á úrsögn snemma og á lífeyrisgreiðslum í heilu lagi. Í þriðja lagi þyrftu þeir að efla fjárfestingarleiðir og kerfi sem hafa lítinn tilkostnað og draga úr áhættu, bæði meðan á uppsöfnun eigna stendur og þegar fólk er komið á eftirlaun og lífeyrir er greiddur út. Við laus þessara vandamála þurfa stefnumótandi aðilar að beina athyglinni að úrvali af valkostum í fjárfestingum lífeyrisgreiðslum til að einfalda og auðvelda flóknar fjárhagslegar ákvarðanir. Þeir ættu einnig að bæta kosti fyrir þá sem taka ekki sjálfstæðar ákvarðanir um val þannig að betur sé gætt að einstaklingsbundnum þörfum og væntingum.

„Hvaða land er með besta lífeyriskerfið?“ er spurning sem OECD er oft spurt að. Þessu er þó ekki einfalt að svara, þrátt fyrir hinn útbreidda áhuga á flokkun og stigatöflum. Besta svarið er að það er hægt að gera endurbætur á lífeyriskerfum allra landa. Þau standa að minnsta kosti öll frammi fyrir tilteknum vandamálum: umfangi lífeyriskerfisins, fullnægjandi lífeyrisgreiðslum, fjárhagslegri sjálfbærni eða hættum og óvissu sem hver einstaklingur stendur frammi fyrir. Horfur í lífeyrismálum í OECD ríkjunum eru þess vegna áframhaldandi - og nauðsynlegar breytingar.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**Read the complete English version on OECD iLibrary !**

OECD (2012), *OECD Pensions Outlook 2012*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/9789264169401-en